



HRUNAMANNAHREPPUR

51. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

15. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 15. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður nr. 8, aðalfundur Arnardrangs hses. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

1. **SASS: Fundargerð 611. fundar stjórnar frá 28. júní sl.**
Lögð fram fundargerð 611. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. **Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 20. fundar stjórnar frá 24. júlí sl.**
Lögð fram fundargerð 20. fundar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 1. fundar nýrrar stjórnar frá 6. maí sl.**
Lögð fram fundargerð 1. fundar nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 3. júní sl.**
Lögð fram fundargerð 2. fundar Markaðsstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

5. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi, rekstrarleyfi.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Flúðir rekstur ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokk IV – Tegund: B Stærra gistiheimili, Gistiheimilinu Flúðum, Grund 845 Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

6. **Bréf frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 3. júlí 2024.**
Lagt fram bréf frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til Brunavarna Árnæssýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna við rekstur Brunavarna Árnæssýslu.

Erindið lagt fram til kynningar en Héraðsnefnd Árnésinga mun væntanlega ræða það efnislega á fundi sínum í haust.

DAS
BL
[Handwritten initials]
[Handwritten initials]
[Handwritten initials]

7. **Bréf frá sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps frá 25. júlí 2024.**

Lagt fram bréf með bókun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps (GOGG) um minnisblað frá sveitarstjórn Hrunamannahrepps þar sem fram eru settar hugmyndir um breytingar á skipulagsnefnd. Í svari sínu leggst sveitarstjórn GOGG samhljóða gegn því að skipulagsnefndir verði starfandi í hverju sveitarfélagi á starfssvæði UTU.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur að í umræddu minnisblaði sem unnið var af Guðjóni Bragasyni, fv. lögmanni Sambands Íslenskra sveitarfélaga, komi fram veigamikil sjónarmið varðandi það fyrirkomulag skipulagsmála sem viðhaft hefur verið hér í Uppsveitum Árnessýslu, Flóa- og Ásahreppi í Rangárvallasýslu með sameiginlegri skipulagsnefnd þessara 6 sveitarfélaga.

Veigamikil rök hafa komið fram um að verulegur lýðræðishalli felist í núverandi fyrirkomulagi þar sem einungis einn aðili frá hverju sveitarfélagi situr í skipulagsnefnd þessa víðfeðma svæðis. Þessi eini fulltrúi sveitarfélagsins tekur þátt í fundum skipulagsnefndar og á á þeim vettvangi í beinum samskiptum við skipulagsfulltrúa. Sá sveitarstjórnarmaður er þar með í yfirburðastöðu gagnvart öðrum sveitarstjórnarfulltrúum við afgreiðslu mála í sveitarstjórn. Ekki má gleyma að aðkoma minnihluta í sveitarstjórnnum að umfjöllun um skipulagsmál verður fyrir vikið mun minni en ef kosin væri með hlutfallskosningu þriggja eða fimm manna skipulagsnefnd í viðkomandi sveitarfélagi eða ef sveitarstjórn færi sjálf með verkefni skipulagsnefndar.

Sveitarstjórn vonar að þrátt fyrir afstöðu sveitarstjórnar GOGG og órökstuddar fullyrðingar þeirra um aukinn kostnað og álag á starfsmenn séu aðrar sveitarstjórnir á svæðinu tilbúnar til að kynna sér þau sjónarmið sem sett eru fram í minnisblaðinu og til í að ræða hvort ekki sé skynsamlegt að hvert sveitarfélag skipi sína eigin skipulagsnefnd eins og öll önnur sveitarfélög á Íslandi gera. Með því væri fyrrnefndum lýðræðishalla mætt auk þess sem frumkvæði í stefnumarkandi ákvörðunum og eftirfylgd með áherslum í aðalskipulagi yrði án vafa meira en nú er. Sveitarstjórn felur oddvita að ræða málið enn frekar á vettvangi stjórnar UTU með hliðsjón af þeim umræðum og þeirri afstöðu sveitarstjórnarmanna Hrunamannahrepps sem fram komu á fundinum.

8. **Erindi frá Arnardrangi hses frá 14. ágúst 2024.**

Í erindinu er boðað til ársfundar Arnardrangs hses sem haldinn verður fimmtudaginn 29. ágúst 2024.

Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóri sæki fundinn fyrir hönd Hrunamannahrepps og fari með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.

9. **Bréf frá Ásgeiri Erni Hlöðverssýni frá 9. ágúst 2024.**

Lagt fram bréf frá Ásgeiri Erni Hlöðverssýni, byggingaverkfræðingi, þar sem fram koma hugmyndir um uppbyggingu lóðanna sem á skipulagi eru merktar nr. 2,4,6,8 (R1), 10-14 (ÍB1), 16-20 (ÍB2), á svæðum ÍB3 og ÍB4 á deiliskipulagi fyrir Vesturbrún á Flúðum.

Sveitarstjórn fagnar áhuga bréfitara á uppbyggingu heilsutengdrar þjónustu, íbúða fyrir aldraða og mögulega hjúkrunarheimilis á svæðinu. Bréfitarar telja Flúðir mjög góða staðsetningu fyrir þjónustukjarna af þessu tagi og setja fram ósk um frekara samtal við sveitarstjórn vegna þeirra hugmynda sem hér eru settar fram. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að ræða við bréfitara um þau áform sem þarna eru kynnt.

DAS

#

B2

SB

2 AEG

10. Bréf frá Fjáröflunarnefnd Kvenfélags Hrunamanna frá 1. ágúst 2024.

Lagt fram bréf frá Fjáröflunarnefnd Kvenfélags Hrunamanna þar sem óskað er eftir niðurfellingu á leigu í Félagsheimilinu vegna fjáröflunarviðburðar þann 18. október 2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leiga á sal í Félagsheimilinu verði felld niður vegna þessa viðburðar enda mun allur ágóði af samkomunni ganga óskiptur til fjölskyldna innansveitar sem hafa verið að glíma við veikindi og/eða áföll.

11. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi leigu á vestasta bili Hrunamannavegar 3 frá 13.8.2024.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi leigu á vestasta bili Hrunamannavegar 3.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga að tilboði Jing Xiang og Na Yang en þau hjón hyggjast opna kínverskan veitingastað í húsnæðinu. Því er ánægjulegt að með þeirra áformum mun flóra veitingahúsa enn aukast á svæðinu. Sveitarstjóra er falið að ganga frá leigusamningi við þau hjón sem byggir á þeim umræðum sem áttu sér stað á fundinum.

Fjárhagsleg málefni:

12. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 4. júlí 2024: Gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum.

Sveitarstjórn samþykkir að skólamáltíðir í Flúðaskóla verði gjaldfrjálsar skólaárið 2024-2025. Áfram er þó gert ráð fyrir að foreldrar skrái börn sín í skólamáltíðir.

Er þessi aðgerð liður í að greiða fyrir gerð langtímakjarasamninga á vinnumarkaði með það að markmiði að kveða niður vexti og verðbólgu. Við kjarasamningsgerðina var skorað á sveitarstjórnir um allt land að taka þátt og sína samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga með því m.a. að bjóða nemendum í grunnskólum gjaldfrjálsan hádegisverð.

Hér vék Alexandra Rós Jóhannesdóttir af fundi.

13. Samningar um skólaakstur og erindisbréf fyrir skólabílstjóra.

Lagður fram samningur um skólaakstur ásamt erindisbréfi fyrir skólabílstjóra.

Sveitarstjórn samþykkir samningana samhljóða.

Alexandra tók aftur sæti á fundinum.

14. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 10. júlí 2024: Ný spá Hagstofu og forsendur.

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um nýja spá Hagstofu og forsendur

Lagt fram til kynningar

15. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun ásamt aðalbók.

Lagður fram viðauki 2 við fjárhagsáætlun ásamt aðalbók.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukana og mun fjárhagsáætlun sveitarfélagsins verða breytt til samræmis við það.

DCS

th

SB B
Aeg

Mál til kynningar:

16. Vegagerðin: Fundargerð frá 6. maí 2024 - Fundaröð um almenningssamgöngur Uppsveitir.

Lagt fram til kynningar.

17. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 73. fundar stjórnar frá 21. júní 2024.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:27

Alexandra Rósjón

SP

Andri Haukur

Dóttir: Geir Samuelsson

Albi Halgrímsson

Bjarney Vignisdóttir